

IV. KAFLI OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 150.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 150.00 í skrifstofu rafveitunnar.

Þæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 35 4. febrúar 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 30. október 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis
nr. 187/1962 sbr. breyting nr. 142/1964.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

1. Hitagjald til garðyrkju og iðnaðar verði kr. 52.00 pr. m² gólfflatar á ári.
2. Hitagjald til annarra húsa verði kr. 78.00 pr. m² gólfflatar á ári.
3. Þeir, sem fá varma frá opnum hverum og leiða sjálfir í hús sín greiði kr. 45.00 pr. m² gólfflatar á ári fyrir gróðurhús og iðnaðarhús, en kr. 57.00 fyrir önnur hús.
4. Fyrir önnur varmaafnot greiðist gjald, sem hreppsnefnd ákveður, að fengnum tillögum hitaveitunefndar.

Lágmarksgjald samkvæmt þessari grein er kr. 7800.00 á ári.

2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

1. Heimæðagjald skal greiða af öllum húsum, sem tengd verða við hitaveituna og skal það svara til eins árs hitagjalds fyrir hvert hús.
2. Heimæðagjald greiðist áður en tenging hússins fer fram.
3. Lámargsgjald samkvæmt þessari grein er kr. 7800.00.

3. gr.

2. liður 7. gr. orðist svo:
2. Gjald fyrir enduropnun skal vera kr. 500.00. Starfsmenn hitaveitunnar einir mega annast enduropnun.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. október 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 75 13. marz 1969, fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 20. flokki bankavaxtabréfa samkvæmt lögum nr. 73 frá 22. maí 1965.

1. gr.

Fyrir orðin í 1. málsgrein 1. greinar reglugerðarinnar „má ekki fara fram úr 30 milljónum króna“ komi: má ekki fara fram úr 45 milljónum króna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 73/1965 um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, tekur þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 30. október 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Lúðvík Gizurarson.

REGLUGERÐ

um áfengisvarnanefndir.

Samkvæmt 30. gr. laga nr. 82 frá 2. júlí 1969, eru hér sett ákvæði um verksvið og skyldur áfengisvarnanefnda.

1. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en í Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnnum. Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu, ef óskað er. Kjörtími nefndanna er fjögur ár.

Nú ákveður sveitarstjórn, að stofna félagsmálaráð og getur ráðherra þá falið því störf áfengisvarnanefndar að nokkru eða öllu leyti.